

hygli bankafólks á eftirfarandi grein:

Samkomulag er á milli stjórnar S. Í. B. og bankanna um, að komið verði á fót sérstöku þjálfunarkerfi innan bankanna. Þjálfunarkerfi þetta er ætlað því starfsfólki, sem stefnir að því að verða bankaritarar. Þjálfunartímabilið getur verið frá 2 til 3 árum eftir menntun og starfsreynslu. Kerfi þetta skal miða við, að menn fái starfsþjálfun í helstu deildum bankans eftir nánara samkomulagi jafnframt því sem viðkom-

andi aðilar skulu ljúka ákveðnu og tilskyldu námi í Bankamannaskólanum. Við það skal miðað, að þegar þessu þjálfunartímabili lýkur, fái starfsmenn titilinn bankaritarar og fái þá tækifæri til að sækja um þær trúnaðarstöður, er til falla í bönkunum. Þeir, sem orðnir eru bankaritarar, skulu hafa forgang um trúnaðarstöður innan bankanna sbr. 2. málsgrein 4. gr. Þetta á þó ekki við um eldri starfsmenn, sem fyrir eru í bankanum, þegar þetta kerfi tekur gildi.

Reiknistofa bankanna

Stofnun sameiginlegrar reiknimiðstöðvar fyrir íslensku bankana hefur verið á döfinni nú í nokkur ár, því að í nóvember 1970 var ákveðið að skipa nefnd, svonefnda Rafreikninefnd, til athugunar á málinu, en sú nefnd skilaði greinargerð til stjórnar bankanna í október 1971.

A grundvelli þeirrar greinargerðar völdust þeir bankastjórnarnir Helgi Bergs, Höskuldur Ólafsson, Jóhannes Nordal, Jónas Rafnar og Stefán Hilmarsson í nefnd í ársbyrjun 1972 til undirbúnings stofnunar Reiknistofu bankanna, en þessi bankastjóranefnd valdi síðan þrjá menn sér til aðstoðar, þá Dr. Guðmund Guðmundsson, Seðlabanka Íslands, Ólaf Rósundsson, Landsbanka Íslands og Þórð Sigurðsson, Búnaðarbanka Íslands.

Nefndin hafði leitað tilboða frá framleiðendum tölva. Eftir mikið starf við úrvinnslu tilboðanna var skilað skýrslu um 2 helstu tilboðin, frá IBM og Burroughs.

A grundvelli þessarar skýrslu og að mati forstjóra RB var tilboði IBM tekið. Gerðar voru breytingar á upphaflegu tilboði IBM til þess að ná hagstæðari úrvinnslu.

Undirritaður hefur verið leigusamningur við IBM, sem nær til eftirtalinnna véla:

IBM tölva 370/135 148 K.

Tvo OCR-B lesara.

Diskar (100MB, 3330).

Segulbandastöðvar (80 KB, 3420).

80- og 96-dálka spjaldalesara.

Prentari (er getur skrifað allt að 2000 línur/mín).

Fyrsta stjórn Reiknistofu Bankanna var kosin 23. mars 1973. Hana skipa eftirtaldir bankastjórar:

Helgi Bergs,

Höskuldur Ólafsson,

Jónas G. Rafnar,

Stefán Hilmarsson,

Svanbjörn Frimannsson.

Þann 1. september 1973 var ráðinn for-

stjóri R. B. Einar Pálsson, sem starfað hefur um árabíl hjá IBM í Danmörku.

Starfsfólk var svo ráðið síðustu mánuði 1973 og hóf flest störf í janúar 1974.

Eftirfarandi starfsfólk er nú ráðið:

Ólafur I. Rósmundsson Ráðinn sem kerfisfræðingur og fulltrúi forstjóra.

Jóna Jakobsdóttir. Einkaritari forstjóra, almenn skrifstofu- og símaþjónusta fyrir R. B.

Jón Gunnar Pálsson, Kerfisfræðinemi.

Ingibergur Þorkelsson, Kerfisfræðinemi.

Jón Ragnar Höskuldsson, Kerfisfræðin.

Ólöf Þráinsdóttir, Kerfisfræðinemi.

Þórarinn B. Guðmundsson, Kerfisfræðin.

Húsnæði er leigt hjá Búnaðarbanka Íslands við Hlemm. Er það ætlað nægilegt þar til flutt verður í framtíðarhúsnæði.

Jóhann Ingjaldsson, Seðlab. Íslands.

Tryggvi Arnason, Verslunarb. Íslands h. f.

Þórður B. Sigurðsson, Búnaðarb. Íslands.

Forstjóri R. B. er formaður samstarfsnefndar. Nefndin kemur saman einu sinni í mánuði og ræðir störf R. B. og gerir áætlun um framtíðarverkefni.

Verkefni, sem unnið er við í dag, eru tvönnskonar.

LAUNAVERKEFNI:

Launabókhald bankanna er í hönnun. Það var valið sem fyrsta verkefni RBvegna þess hversu einfalt það er og því hagkvæmt æfingakerfi. Áætlað er að það verði tilbúið í haust, og geti þá annað launabókhaldi þeirra aðildarbanka, sem þess óska.



Starfsfólk reiknistofunnar.

Í nóv. 1973 tók til starfa samstarfsnefnd bankanna og Reiknistofunnar, samkvæmt ákvæðum sameignarsamnings. Hana skipa: Einar S. Einarsson, Samvinnubankinn h.f. Einar B. Ingvarsson, Landsb. Íslands. Gísli Jónsson, Alþýðubankinn h. f. Guðjón Reynisson, Iðnaðarb. Íslands h. f. Gunnl. G. Björnsson, Utvegsb. Íslands.

Hönnun fyrsta bankaverkefnis, sem samstarfsnefndin valdi, var ávísana- og hlaupa-reikningur.

Ein aðalástæða fyrir þessu bankaverkefni er sá möguleiki sem fyrir hendi er að lesa ávísanir vélrænt. Er unnið að und-

Framhald á næstu síðu

irbúningi þessa verkefnis, sem mun opna þann möguleika, að leysa vélrænt allan lestur á ávísunum og jafnframt „cleara“ allar ávísanir daglega milli banka. Í stuttu máli gæti það farið fram sem hér segir:

- a) Ávísanir koma í banka, á þær eru færðar upphæðir í áritunarvélum og að loknum degi eru allar ávísanir sendar í R. B. Röðun eða skipting á banka er ónauðsynleg og skiptir ekki máli.
- b) R. B. les allar ávísanir inn og raðar þeim jafnframt vélrænt upp á þann hátt, sem bankarnir óska.
- c) Allar hreyfingar eru færðar vélrænt hjá öllum bönkum og milli banka.
- d) Að morgni næsta dags er skilað ávísunum og listum, öllum millifærslum (clearing) lokið og ekki annað eftir en ganga frá endanlegri geymslu. Jafnframt liggja fyrir upplýsingar um allar ávísanir, sem eitthvað er athugavert við.

Gert er ráð fyrir, að ávísana- og hlaupa-reikningsverkefni verði lokið upp úr miðju ári 1975 og þá verði vélar settar upp. Jafnframt yrði þá næsta verkefni komið vel á veg, t. d. sparisjóður.

Með bestu kveðju frá Reiknistofu Bankanna.

SPAKMÆLI

Sá, sem ekki grípur tækifærið þegar það gefst verður að velta því fyrir sér fram í endadægur.



Aðeins þeir heimskustu hlægja sjálfir þegar þeir segja brandara.

Þorgils Ingvarsson

MINNING



Grein þessi birtist í Morgunblaðinu 29. júlí 1973, en vegna mistaka birtist hún ekki í síðasta tölublaði Bankablaðsins. Ritstjórnin telur, að málgagni sambandsins beri að minnast hins mæta forystumanns og starfa hans í þágu íslenskra bankamanna, og þess vegna er hún endurprentuð hér, þó seint sé.

Þorgils Ingvarsson, fyrrverandi deildarstjóri í Landsbanka Íslands, andaðist 11. þ. m., eftir langvarandi erfið veikindi, aðeins nokkrum dögum miður en 77 ára að aldri.